

## FUNDARGERÐ

384. fundur stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, var haldinn 16. janúar 2017 kl. 9.15 í Stangarhyl 4, Reykjavík.

Mættir voru: Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Brynjólfur Sigurðsson, Ellert B. Schram, Guðrún Árnadóttir, Helgi Pétursson, Hrafn Magnússon, Ragnhildur G. Guðmundsdóttir, Reynir Vilhjálmsson og Gísli Jafetsson sem ritaði fundargerð. Fjarverandi: Erna Indriðadóttir og Anna Þrúður Þorkelsdóttir.

Þetta gerðist:

### Fundargerð síðasta fundar samþykkt

#### 1. Samtal milli FEB og LEB í desember

Farið var yfir fundina með formanni/framkvæmdastjóra og öðrum stjórnarmönnum LEB. Það sem rætt var við forsvarsmenn LEB hvernig og hvað þyrfti að breytast í starfsemi og stjórnarháttum LEB. Vonast er til að svar/tillögur LEB komi fram á fundi sem er á dagskrá 17. janúar.

#### 2. Undirbúningur aðalfundar

Aðalfundur FEB verður haldinn eins og áður hefur verið rætt 16. febrúar kl. 15.30 í Ásgarði, Stangarhyl 4. Drög að skýrslu stjórnar liggur fyrir og verður sent á stjórnarmenn. Reikningur fálagsins vegna ársins 2016 ræddur og er hann í hefðbundnum farvegi.

#### 3. Skeiðingar vegna vinnu

Farið yfir ýmis gögn tengdum breytingunni á lögum um almannaryggingar 1. janúar s.l. Ljóst er að frítekjumarkið vinnur gegn anda laganna um almannatryggingar með því að skattleggja atvinnutekjur eldri borgara þannig að einungis um fjórðungur þess sem þeir vinna sér inn renni í þeirra eigin vasa. Skatturinn jafngildi því um 75 prósentu skatti á atvinnutekjur eldri borgara. Það sé úr öllum takti við þann tilgang skattkerfisins að þeir sem hafi hæstar tekjur beri einnig hæsta skatthlutfallið. Samþykkt að ganga frá ályktun vegna nýs stjórnarsáttmála sem afhent verður Þorsteini Víglundssyni ráðherra félagsmála- og jafnréttis.

#### 4. Verðlagseftirlit og Neytendasamtökin

Eftir fund með Ólafi Arnarsyni formanni Neytendasamtakanna var ákveðið með samstarf félaganna og eitt fyrsta skrefið í fyrirhuguðu samstarfi er fræðslufundur um Neytendamál og verðlagseftirlit sem haldinn verður 2. febrúar kl. 15.30 í Ásgarði, Stangarhyl.

#### 5. Fræðslufundur næstu vikur

„Eldri borgarar á Íslandi: Hjálparþurfi eða bjargvættir?“ fundur 26. janúar kl. 15.30 um framlag eldri borgara til samfélagsins. Niðurstöður úr spurningakönnuninni yfirfarnar af þeim Amalíu Björnsdóttur og Ingibjörgu H. Harðardóttur höfundum skýrslunnar.

„Neytendasamtökin og verðlagseftirlit“ fundur 2. febrúar kl. 15.30

#### 6. Önnur mál

- Grái herinn skerðingar og aðferðir til að vekja athygli á málinu. Helgi P. fer í málið.
- Samningur við Hljómsveit hússins um dansleikjahald endurnýjaður.
- Byggingarnefnd fundir og staðan í Árskógum. Upplýst að unnið er að flutningi röra og að frestur verktaka hefur verið framlengdur.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11.15.